



Fundargerð

179. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 26. nóvember 2014 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Guðbjörg Björnsdóttir

Dagskrá:

1. Fjarskiptamál
2. Lánasamningar við Arion banka
3. Lánasjóður sveitarfélaga
4. Ráðhús Fellabæ
5. Skýrsla framkvæmdastjóra
6. Önnur mál

Gengið til dagskrár

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Fjarskiptamál

Formaður fór yfir málið sem er tilkomið af vettvangi Bæjarráðs og fjallar um hvernig sé mögulegt sé að bæta fjarskipti sér í lagi í dreifbýlinu. Málið rætt og er stjórn sammála um að HEF ehf. taki þátt í þessari undirbúningssumræðu.

2. Lánasamningur við Arion banka

Framkvæmdastjóri fór yfir Lánasamning nr 0351-35-358200158 við Arion banka sem kynntur var á síðasta fundi. Samningur undirritaður af þremur stjórnarmönnum.

Þá var lagður fram: Viðauki við lánasamning nr. 0351-35-21546 – framlenging til 2017 hjá Arion banka. Viðaukinn undirritaður af þremur stjórnarmönnum.



3. Lánasjóður sveitarfélaga

Málið var á dagskrá síðasta stjórnarfundar og var afgreiðslu frestað til þessa fundar.

Stjórn samþykkir samhljóða að farið verði með málið fyrir dóm.

4. Ráðhús Fellabæ

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað um að HEF ehf. kaupi Einhleyping 1.

Tillaga borin upp að framkvæmdastjóra verði falið að gera kauptilboð í Einhleypingi 1 af Fljótsdalshéraði.

Samþykkt samhljóða.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra.

- Framlagður tölvupóstur frá Sigurjóni Norberg Kærnested dags. 21. nóvember 2014, varðar vinnu vegna gagnaskila hitaveitna v. gjaldskrárbreytinga.
- Farið yfir þær upptökur sem urðu þegar miklar rigningar gengu yfir svæðið aðfaranótt fimmtudagsins 13. nóvember – framlögð minnisblöð um úrbætur sem gerðar hafa verið í kjölfarið.
- Verið að loka uppgjöri við Þrándarstaðaveitu.

6. Önnur mál

- a) Ályktanir aðalfundar SSA 2014 - fráveitumál HEF. Lagt fram til kynningar.
- b) Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 10. desember n.k. kl. 12:00.

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 14:07

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson